Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 25

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

47.0
―――
1911

Bréf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Matth. Einarsson*
*læknir*
*Laugaveg 30 A*
*Heima 1-2 síðd. Tals. 139.*

13/6 - 1911

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að mælast til, að háttvirt heilbrigðisnefnd sjái svo um að sem allrabráðast verði gerðar ráðstafanir til að bæta frárenslið frá húsinu Nr. 10A við Hverfisgötu (fyr eign Tryggva Árnasonar nú mín eign) svo viðunanlegt verði. Undanfarin sumur hefur allt, sem runnið hefur úr hallanum fyrir ofan, safnast í Kolgröfina [?], fúla stöðupolla o. s. frv. með fram húsinu og niður með götunni, enda er hjer á löngu bili ekki nokkur forrenna, nje ofurlítill rennu-rottur [?], og er það alveg óafsakanlegt fyrirkomulag.

Virðingarfyllst

Matth. Einarsson
læknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heilbrigdisnefndin hefir á fundi í dag vísað erindi þessu til bæjarstjórnar.

Bæjarfógetinn í Reykjavík, 13. júní 1911.

Jón Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afgr 30 júní 1911

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. júni 1911.

183

Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur, hjer með erindi Mattiasar læknis Einarsson um óþverra, er safnast að sögn hans við húsið Nr. 10 A við Hverfisgötu og bið jeg yður að athuga þetta og láta bæta úr því ef hægt er án mikils kostnaðar.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur, Templarasundi 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lausleg áætlun
yfir

Að skaffa burtu óhreint
vatn á Hverfisgötu við hús nr 10a

10 m. langan Kloak og
brunn - - - - - - á 40,00 Kr.

Framkvæmist
Páll Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

44.0
―――
1912

Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21. mai 1912.

458.

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarverkfræðingur, að bæjarstjórnin á síðasta fundi samþykkt að byggja holræsið í lækinn með þeirri gerð og því fyrirkomulagi, sem þjer hafið lagt til og gjört af uppdrætti.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. júni 1912.

588

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarverkfræðingur, að á siðasta bæjarstjórnarfundi voru veittar allt að 200 kr. úr bæjarsjóði til þess að gjöra holræsi milli Skothúsvegar og holræsisins i Tjarnargötu, ef hús og lóðareigendur við þetta svæði leggja til jafnmikla upphæð frá sjer auk hins lögákveðna holræsagjalds. Jeg bið yður nú að setja yður i samband við hús- og lóðareigendur þá, sem hjer eiga hlut að máli og fá hjá þeim ~~vitneskju eða~~ loforð um að kosta þessa holræsalagningu að helmingi. Og ef slikt loforð fæst má þegar byrja á að gjöra holræsi þetta.

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

44.0
1919

Byjet

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík

Reykjavík 7. maí 1919.

Gjörið svo vel að auðkenna öll brjef viðvíkjandi þessu máli þannig:
X/3

./. Út af meðf. beiðni Ólafs verkfr. Þorsteinssonar um lagningu kafla af Garðastræti með vatns -og skólppípum, leyfi jeg mjer hjer með að biðja yður, herra bæjarverkfræðingur, að gera áætlun um kostnað við mannvirki þau, sem farið er fram á í nefndu erindi.

[signature]

Bæjarverkfræðingurinn .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur